

**11. fundur Fræðslu-,menningar-,íþróttá-, æskulýðsnefndFræðslu-,menningar-  
,íþróttá-, æskulýðsnefnd haldinn Strandgötu 38, 24. ágúst 2016  
og hófst hann kl. .**

**Fundinn sátu:**

Guðlaug Sigurrós Björnsdóttir (GSB) formaður, Krístrún Guðjónsdóttir (KG) aðalmaður, Eva Dögg Jóhannesdóttir (EDJ) aðalmaður, Helga Birna Berthelsen (HBB) embættismaður, Elísabet Kjartansdóttir (EK) áheyrnafulltrúi og Jenný Lára Magnadóttir (JLM) áheyrnafulltrúi.

**Fundargerð ritaði:** Eva Dögg Jóhannesdóttir, Nefndarmaður

**Dagskrá:**

**1. Starfsáætlun skólaárið 2016-2017 - 1609036**

*Samþykkt samhljóða.*

**2. Skóladagatal 2016-2017 - 1609037**

*Samþykkt samhljóða.*

**3. Upplýsingargjöf skólastjóra - 1608022**

*Skólinn var settur við góða mætingu í dag í Tálknafjarðarkrikju. Fyrsti óskerti dagur grunnskólans hefst því á morgun fimmtudaginn 25. ágúst.*

*Skólastjóri afhenti skóladagatal fyrir 2016-2017*

*EDJ biður um að skóladagatal sé útbúið sérstaklega fyrir leikskóladeild til að forðast misskilning. Skólastjóri mun útbúa skóladagatal fyrir leikskóladeild sem afhent verður foreldrum barna í deildinni.*

*Samræmd próf eru á öðrum tímum en venjulega, 9. Og 10 bekkur fara í samræmd próf í mars og 7. Bekkur Í september. Enginn nemandi er í 4. Bekk né á síðasta ári í leikskóladeild.*

*39 börn eru skráð í grunnskóladeild og 12 í leikskóladeild.*

*Kristín Jónsdóttir og Sturla D. Þorsteinsson koma á mánudaginn 29. ágúst. Þau munu koma til að kenna stærðfræði og íslensku og kenna svo í lotum og fjarkennslu í vetur.*

*Eyrún Ísfold talmeinafræðingur kemur 30. ágúst*

*Berglind Brynjólfsdóttir hefur látið af störfum hjá Hjallastefnunni en mun klára þau mál sem hún hefur komið að. Skólastjóri hefur óskað eftir að nýr sálfræðingur verði ráðinn til starfa hjá fyrirtækinu.*

**4. Erindi frá Hjallastefnunni. - 1608023**

*Til kynningar*

**5. Erindi frá Velferðarvaktinni - 1608024**

*Erindið er hvatning Velferðarvaktarinnar til sveitarstjórna, skólanefnda, skólaskrifstofa*

11. fundur  
30. nóvember 2016

*og skólustjóra, um að leggja kostnaðarþátttöku foreldra vegna ritfangakaupa barna af eða halda henni í lágmarki.*

*Eingöngu er krafist efnisgjalda einu sinni á önn hjá Tálknafjarðarskóla í grunnskóladeild sem er 3.000 kr. fyrir önnina á hvern nemanda sem deilt er niður á 3 mánuði. Börn þurfa því ekki að koma með eigin ritföng í skólann. Telur nefndin það vera hóflegt gjald og kostnaði með þessu haldið í lágmarki. Samþykkt samhljóða*

**6. Félagsmiðstöð. - 1608025**

*Fræðslu-, íþróttta-, æskulýðs- og menningarnefnd felur formanni að kanna stöðu félagsmiðstöðvar fyrir starfsárið 2016-2017. Samþykkt samhljóða.*

**7. Íþróttamál - 1608026**

*Íþróttaskóli verður haldinn fyrir 1. til 4. bekk í vetur en hann gekk vonum frammar síðasta vetur og mikinn árang var að sjá hjá nemendum. Nefndin lýsir yfir mikilli ánægju með allt það starf sem unnið hefur verið af íþróttafulltrúa HHF og UMFT. Samþykkt samhljóða*

**Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 19:35.**

---

Guðlaug Sigurrós Björnsdóttir  
(GSB)

---

Kristrún Guðjónsdóttir (KG)

---

Eva Dögg Jóhannesdóttir  
(EDJ)

---

Helga Birna Berthelsen (HBB)

---

Elísabet Kjartansdóttir (EK)

---

Jenný Lára Magnadóttir (JLM)

---